

Greinargerð með afritun fundargerðabóka Mjólkurflutningafélagsins

Allt frá því er ég kynntist fyrst starfsemi Mjólkurflutningafélags Svarfdæla hef ég nokkrum sinnum komið að því að kynna hana fyrir almenningi, einkum þar nyrðra. Fyrst ritaði ég grein um starfsemina í tímaritið Súlu 1983 að beiðni nokkurra sem að henni komu um miðja öldina, síðan ræddi ég um hana að tilstuðlan þáverandi safnstjóra á hádegisfundi í Bergi 2014 og loks kom út sérarit um efnið á vegum Byggðasafnsins á Dalvík 2020, ritað af mér. Auk þessa hefur verið sett upp vefsíða um Mjólkurflutningana á heimasíðu Héraðsskjalasafns Dalvíkur þar sem sjá má ýmsar frásagnir sem heimamenn hafa látið mér í té, sem og myndir tengdar flutningunum úr fórum safnsins og hjálplegra einstaklinga. Þar er nú líka að finna fyrrnefnda grein úr Súlum sem skönnuð hefur verið og sett inn á vefinn með góðfúslegu leyfi ritstjórnar Súlna.

Í ljósi þess hve stór þáttur mjólkurflutningarnir voru í því að búskapur hélst óslitinn og áfallalítið í Svarfaðardal á kreppearunum milli heimstyrjalda á fyrri hluta 20. aldar fannst mér að efni fundargerðabókanna ætti erindi við almenning og sagnfræðinga framtíðarinnar með aðgengi á nútímavísi og fékk því leyfi til að afrita þær og koma þeim á stafrænt form. Til þess þurfti ég að fá þær sendar á Þjóðskjalasafn Íslands í Reykjavík og var það góðfúslega samþykkt af forstöðumanni safnanna.

Ég hef af fremsta megni ritað nákvæmlega samkvæmt því sem gert er í bókunum og fylgt uppsetningu fundargerðanna þar eins og hægt er hvað varðar form og setningagerð. Stafsetningu hef ég líka látið halda sér af virðingu við fundarritarana sem voru afar vel máli farnir og unnu verk sitt af stakri samvirksemi, margir hverjir með fagurri handskrift. Þeir áttu þó ekki allir ýkja langa skólagöngu að baki en voru vel sjálfmenntaðir og byggðu á heimafernum andlegum auði eins og gekk og gerðist meðal íslenskrar alþýðu fyrr á tímum. Enginn skyldi því láta sér bregða við að berja augum rithátt á borð við *flutningar*, *rextur*, *fleyra*, *breita* og *athvæði*, svo örfá dæmi séu tekin.

Í fundargerðunum kemur glögglega fram fádæma einurð og samstaða svarfdælskra bænda – fyrst um að láta verða af því að hefja mjólkursölu árið 1934 og síðan að fylgja framtakinu eftir gegnum margháttað andstreymi og erfiðleika, allt þar til tankflutningar hófust um miðjan 8. áratuginn og Mjólkursamlag KEA tók starfsemina yfir.

Þetta grúsk mitt sem hér hefur verið talið má nú allt sjá á vef Héraðsskjalasafnsins svo sem fyrr greinir. Allt hefur það verið unnið í sjálfboðavinnu og hefur mér aldrei leiðst eitt andartak.

Sjálf las ég yfir próförk að lokinni afritun í sparnaðarskyni. Því má gera ráð fyrir að mér hafi yfirsétt eigin misritun á köflum og biðst ég velvirðingar á því.

Fundargerðabækur Mjólkurflutningafélagsins eru bæði fróðlegar og skemmtilegar aflestrar og efni þeirra og andi er hollur lærdómur okkur nútímafólki og komandi kynslóðum. Um leið og þær verða nú aðgengilegar öllum á vef safnanna þakka ég öllu því fólki, bæði heima og heiman, sem veitt hefur mér aðstoð við söfnun efnis í formi frásagna og mynda, ekki síst stjórnendum og starfsfólki safnanna á Dalvík, fyrr og síðar.

Virðingarfyllt,
Solveig Brynja Grétarsdóttir
Hafnarfirði